

Efnahags- og viðskiptaráðuneyti
Minnisblað

Viðtakandi: **Viðskiptanefnd Alþingis**
Sendandi: **Efnahags- og viðskiptaráðuneyti**
Dagsetning: **05.11.2009**
Málsnúmer:
Bréfalykill:

Efni: **Fjárlög 2010**

Eftirfarandi er yfirlit yfir fyrirhugaða hagræðingu og fjárlagatillögur í frumvarpi til fjárlaga 2010.

Fjárlaga númer	Fjárlaga liður	Fjárlög 2009	Tekjur	Hagræðing m.kr.	Uppl. samfélagið	Launa og verðl.leiðr.	Nýjar tillögur	Fjárlög 2010
12101	Viðskiptaráðuneyti	222,2	-0,8	-19,4		6,8		208,8
12190	Ýmis verkefni	80,3		-4	-1	0,6		75,9
12199	Ráðstöfunarfé	5		-2				3,0
12411	Samkeppniseftirlit	307,8		-30,8		8		285,0
12431	Einkaleyfastofa	193,2	-10,1	-19,3	-3	2,4	21,3	184,5
12501	Hagstofa Íslands	801,3	-73,4	-72,8		3,1	9,4	667,6

Allar stofnanir ráðuneytisins fengu á sig 10% hagræðingarkröfu og lækkuð var fjárheimild sem því nemur.

Samkeppniseftirlit

Ráðuneytið lagði til að fjárframlag ríkissjóðs til Samkeppniseftirlitsins yrði aukið um 90 m.kr. til eflingar Samkeppniseftirlitsins. Tillagan var ekki samþykkt af fjármálaráðuneytinu. Samkeppniseftirlitið var gert að hagræða um 30,8 m.kr. og hefur stofnunin ráðist í launalækkanir ásamt því að forgangsraða verkefnum. Fjárlög stofnunarinnar eftir hagræðingu verður 285 m.kr. með launa og verðlagsleiðréttingu.

Einkaleyfastofa

Lagt er til að útgjaldaheimildir stofnunarinnar verði hækkaðar um 21,3 m.kr. á grundvelli endurmetinnar tekjuáætlunar fyrir 2009. Rekstur stofnunarinnar er fjármagnaður af eigin tekjum. Einkaleyfastofa Innheimt eru gjöld fyrir meðferð umsókna, endurnýjanir o.fl. sem standa eiga undir kostnaði við þjónustuna. Haggræðingarkrafa á Einkaleyfastofu er 19,3 m.kr. og hefur verið gripið til aðgerða til þess að lækka launakostnað verulega. Fjárlög stofnunarinnar 2010 eftir hagræðingu verða 184,5 m.kr. með launa og verðlagsleiðréttingu.

Hagstofa

Hagræðingarkrafa á Hagstofu er 73,4 m.kr. og hefur stofnunin farið í ýmsar aðgerðir til að lækka rekstrarkostnað. Laun verða lækkuð m.t.t. leiðarljósa ríkisstjórnarinnar. Fjárlög stofnunarinnar 2010 eftir hagræðingu verða 667,6 m.kr. með launa og verðlagsleiðréttingu.

Efnahags- og viðskiptaráðuneyti aðalskrifstofa

Ráðuneytið fékk hagræðingarkröfu 19,4 m.kr. og hefur ráðuneytið gert ráðstafanir til þess að lækka launakostnað m.t.t. leiðarljósa ríkisstjórnarinnar. Fjárlög aðalskrifstofu ráðuneytisins 2010 eftir hagræðingu verða 208,8 m.kr. með launa og verðlagsleiðréttingu.